

Haukur Þorgeirsson. 2013. *Hljóðkerfi og bragkerfi. Stöðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fraðmarssyni*. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Þriðjudaginn 26. nóvember 2013 varði Haukur Þorgeirsson doktorsritgerð sína í íslenskri málfræði við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi var Kristján Árnason, prófessor við Háskóla Íslands. Aðrir í doktorsnefnd voru Þórhallur Eypórs-son, dósent í ensku, og Bergljót Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum. Andmælendur voru Gunnar Ólafur Hansson, dósent við University of British Columbia, og Michael Schulte, prófessor við Universitetet i Agder í Noregi. Hér birtast inngangsorð Hauks, ræður andmælenda og andsvör Hauks.

* * *

HAUKUR ÞORGEIRSSON

Hljóðkerfi og bragkerfi

Þegar ég hóf doktorsnám í íslensku ákvað ég að rannsaka rímur og málið á þeim. Fljótlega þróaðist þetta í þá átt að skoða tiltekin málfræðileg og bragfræðileg einkenni sem gætu nýst til að tímasetja einstaka rímnaflokka. Málum er svo háttað að nánast allar rímur frá því fyrir siðaskipti eru eftir höfundu sem við vitum engin deili á. Þær verður að tímasetja með innri rökum og er þetta að þau séu fleiri en færri.

Stuðlun *j*

Eitt af því sem ég fékkst við var stuðlun *j* við sérhljóða.¹ Til forna stuðlar *j* við sérhljóð eins og í eftirfarandi vísuorðum úr Höfuðlausn Egils Skallagrímssonar:

œstusk undir

við jofurs fundi (Höfuðlausn 7.5–6; *Skj* A I:37)

Í seinni tíð stuðlar *j* hins vegar aðeins við sjálft sig. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að stuðlun *j* við sérhljóða er mjög fátíð eftir siðaskipti. En mér þótti líklegt að hún hefði minnkað smám saman. Mundi það ekki vera svo að þetta fyrirbæri sé fátíðara í rímum frá 16. öld en frá 15. öld og fátíðara í rímum frá 15. öld en í rímum frá 14. öld? Ég tók saman gögn um þetta og var ánægður með niðurstöðuna. Þetta artaði sig eins og ég hélt, með minnkandi tíðni sérhljóðastuðlunar við *j* eftir því sem tímar liðu. Þetta er þá eitt dæmi af mörgum um það hvernig málfræðilegar og bragfræðilegar athuganir geta stutt við þekkingu okkar á bókmenntasögu.

En þegar fram liðu stundir fór ég að fá meiri áhuga á því að túlka þær breytingar sem koma fram í kveðskapnum í málsögulegu samhengi. Hvers vegna breyttist

¹ Hér og víðar nota ég skáletraða bókstafi til þæginda til þess að vísa í stuðla og málhljóð í rími. Með því móti kem ég mér hjá því að taka afstöðu til ýmissa álitamála sem verið er að fjalla um í textanum. Með því að nota hér *j* til dæmis er ekki tekin afstaða til nákvæms framburðar, eins og gert væri með því að nota hljóðritun á borð við [j], og ekki heldur til þess hvort um sjálfstætt fónem sé að ræða, svo sem tákunin /j/ gæti bent til. Um leið er þeirri túlkun haldið opinna að stafsetningin sjálf geti skipt máli. Á sama hátt nota ég sums staðar táknið ϱ til að vísa í það málhljóð sem varð til við *u*-hljóðvarp af /a/ og þarf þá ekki að taka rökstudda afstöðu til þess hvert hljóðgildi þess var á þeim tíma sem um ræðir, hvort þetta ϱ var þá sjálfstætt fónem eða stöðubundið afbrigði af /a/ eða hvort það var fallið saman við það hljóð sem oftast er táknad með \emptyset . Ég vona að þetta valdi ekki misskilningi.

Það smám saman hvernig stuðlað var við *j*? Þetta reynist nokkuð flókið mál og um það hafa verið skiptar skoðanir. Björn Karel Þórólfsson hafði þessa skýringu (1925:XXV–XXVI):

Í byrjun orðs hefur *j* verið hálfhljóð fram undir 1500 og ekki fengið sama hljóðgildi sem nú fyr en í kring um 1600

Það er tvennt athugavert við þessa skýringu. Annars vegar er *j* ekkert sérstaklega önghljóðskennt enn þann dag í dag og eiginlega vandséð að það hafi getað verið öllu meira hálsérhljóð fyrir á öldum. Hins vegar er greinilegt að bragfræðilega breytingin hefst töluvert fyrir 1500. Þessi hljóðfræðilega hugmynd Björns Karels virðist því ekki ganga upp.

Næsta hugmynd er hljóðkerfisleg. Jón Axel Harðarson (2007) hefur sýnt fram á ákveðnar breytingar á samhljóðakerfinu sem verða á 13. og 14. öld. Á þeim tíma renna saman önghljóðs-*j* og hálsérhljóðs-*j* í innstöðu þannig að *beygja* og *deyja* taka að ríma saman. Jón Axel leggur til að *j* í framstöðu sé þá „endurtúlkad hljóðkerfislega sem framgómælt önghljóð“ (2007:86). Það mætti hugsa sér að þetta hefði áhrif á stuðlasetninguna. Enn eru þó ljón í veginum. Í fyrsta lagi má enn efast um tímasetninguna. Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2010) hefur sýnt fram á að þegar um árpúsundaskiptin virðast skáldin í nokkrum vafa um það hvort *j* stuðlar við sérhljóð eða ekki. Þetta sést þegar ofstuðlun er skoðuð. Í öðru lagi er ekki ljóst hvers vegna *j* ætti til að byrja með að stuðla við sérhljóð, jafnvel þótt það væri greinilega túlkad sem hálfhljóð fremur en önghljóð. Í hinum germönsku málunum stuðla hálsérhljóðin *v* og *j* við sjálf sig. Og í norrænu stuðlar *v* ekki við sérhljóð þótt *v* hafi ekki endilega verið minna sérhljóðskennt en joð.

Það er í samanburðinum við hin germönsku málin sem ég held að lausnin liggir. Hvað er sérstakt við norrænu sem gerir það að verkum að þar stuðlaði *j* við sérhljóð en ekki í vestur-germönsku málunum? Ég held að svarið liggir í því að á frumnorrænu málstigi hvarf *j* alls staðar í framstöðu. Þannig höfum við til dæmis orðin *ungur* og *ár* með sérhljóðsupphafi en á ensku og þýsku hefjast þessi orð enn á *j* (þ.e. [j]).

En norður-germanska var ekki lengi *j*-laus. Til varð nýtt *j* með klofningu einhljóða og þróun tiltekinnna víthljóða. Þannig fáum við norræn orð eins og *jór*, *jarl*, *jørð* og *jöfurr*. Á frumnorrænu málstigi hafa þessi orð hafist á sérhljóði, eins og tilsvarendi orð í fornensku: *eoh*, *eorl*, *eorðe*, *eofor*.

Sem sagt: Á frumnorrænu stigi stuðluðu orð eins og **ehwaz* (‘jór’) og **erþu* (‘jörð’) alveg vandræðalaust við önnur orð sem hófust á sérhljóði. Hvað gerist síðan þegar hljóðbreytingar valda því að þessi orð fá upphafs-*j*? Menn þekja þá væntanlega gömul kvæði þar sem *j*-orðin stuðla við orð sem hefjast á sérhljóði. Ný kvæði eru síðan ort eftir þessu gamla móti og til verður sú hefðarregla að *j* stuðlar við sérhljóða. Þessi hljóð eru þá í sama **jafngildisflokki** í stuðlasetningu.

Hér er þá fyrirbæri í íslenskum kveðskap skýrt með hefð sem teygir sig aftur til frumnorrænu. Ég hef síðan rökstutt að fleiri einkennileg fyrirbæri skýrist af hefðarreglum með rætur í málsögunni.

Hefðarreglur í kveðskap

Hvers vegna stuðla framgómmælt lokhljóð, eins og í *get*, við uppgómmælt lokhljóð, eins og í *gat*? Jón Axel Harðarson (2007:88) hefur sýnt fram á að þetta eru aðgreind fónem þegar í forníslensku. En ef við förum aftur til frumnorrenu má gera ráð fyrir að orðin sem um ræðir hefjist á sömu hljóðkerfislegu einingu. Eitt fónem greinist í tvö en hefðin og stafsetningin viðhalda fornu jafngildi í bragnum.

Hvers vegna rímuðu *a* og *o* saman í aðalhendingum fram til um 1200? Ég hyggt að þetta sé hefðarregla með rætur í málsögunni og hafi hugsanlega stuðst nokkuð við mállýskumun. Hljóðið *o* er sögulega tilkomið sem *u*-hljóðvarp af *a*.

Hvers vegna stuðla saman upphafshljóðin í *hof*, *bróp*, *hlaup*, *hnefi*, *hveiti* og *hjóll*? Enn og aftur þurfum við bara að stilla tímavélina nógu langt aftur til að þessi orð hafi öll sama upphafshljóð. Og aftur getur hefðarreglan stuðst við stafsetningu.

Nú er ekki víst að öllum lítist á blikuna. Getur það verið að skáldskapurinn miðist íðulega við löngu horfin málstig? Er ekki þvert á móti greinilegt að breyting á málinu veldur oft breytingu í kveðskapnum? Þegar *y* og *i* runnu saman í framburði þá tóku ýmis orð að ríma saman sem gerðu það ekki áður — til dæmis *þreyta* og *sveita*. Hvers vegna varð það ekki að hefðarreglu að halda slíkum orðum áfram aðgreindum í rími?

Til að skýra þetta geri ég greinarmun á **sundurgreinandi** og **samfellandi** hefðarreglum. Sundurgreinandi hefðarregla felur í sér að skáld sem fylgir henni þarf að gera einhvern greinarmun í kveðskap sem það gerir ekki í tungumálinu sjálfu. Þetta er erfitt og felur í sér að skáldin þurfa að styðjast við lærdóm, til dæmis rímtöflur, fornlega stafsetningu eða kennslustundir í málsögu. Að gera greinarmun á orðum með *y* og *i* í kveðskap eftir samfall þessara hljóða í málinu væri dæmi um sundurgreinandi hefðarreglu. Ekki veit ég dæmi um að skáld hafi gert það.

Samfellandi hefðarregla felur í sér að skáldin geta sleppt því í skáldskapnum að virða einhvern greinarmun sem þau hafa í máli sínu. Yfirleitt má lýsa því svo að tvö eða fleiri hljóð séu í einum jafngildisflokki. Allar hefðarreglurnar sem ég hef hér lagt til eru samfellandi; sérhljóð og *j* eru í einum jafngildisflokki; framgómmælt og uppgómmælt lokhljóð eru í einum jafngildisflokki; *a* og *o* eru í einum jafngildisflokki; orð sem rituð eru með upphafs-*h* eru í einum jafngildisflokki.

Sumar af þessum hugmyndum um jafngildisflokka og hefðarreglur munu láta kunnuglega í eyrum þeirra sem hafa lesið verk eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson og, sér í lagi, leiðbeinanda okkar beggja, Kristján Árnason. Við getum kannski sagt að það sé einn skóli í þessum fræðum að skýra einkennileg fyrirbæri sem hefðir með rætur í málsögunni.

En annar skóli leitast við að skýra slíkt út frá samtímalegum forsendum, fremur en sögulegum. Þar hafa menn meðal annars sett fram kenningar um

hljóðkerfislegar djúpperðir og beitt þeim til skýringar á kveðskaparfyrirbærum. Í generatífum greiningum á íslenskri hljóðkerfisfræði er til dæmis oft gert ráð fyrir að orðmyndir eins og *löndum*, sem hafa *ö* í framburði, hafi í huga okkar *a* í hljóðkerfislegri djúpperð. Síðan breytist *a*-ið í *ö* á leiðinni að talfærunum úr orðasafni hugans. Stephen Anderson hélt því fram að öll *o* í forníslensku væru leidd af *a* í baklægri gerð. Með þá kenningu að vopni skýrði hann hvernig *a* og *o* gætu staðið saman í aðalhendingum. Munurinn er þá aðeins á yfirborðinu en í djúpperð er um sama hljóð að ræða.

Í riti mínu ver ég allmiklu rými til rökstuðnings gegn kenningum af þessu tagi. Í stuttu máli má segja að ég telji þær spá fyrir um ýmislegt sem ekki gerist og aldrei vera nauðsynlegar til að skýra neitt raunverulegt fyrirbæri. Ég hef hér hliðsjón af rannsóknnum málfræðingsins Alexis Manaster-Ramer sem kannaði kveðskap margra þjóða og setti fram þá algildiskenningu að kveðskapur vísaði aldrei til hljóðkerfislegrar djúpperðar.

Stoðhljóðið *u*

Þegar ég vann að rannsókn minni virtist mér að flest vandamál í íslenskri bragsögu væru leysanleg nokkurn veginn beint af augum með nokkrum viðmiðunarreglum um hefðarreglur og jafngildisflokka. Eitt var þó það vandamál sem mér þótti sérstaklega óárennilegt og veigraði mér lengi við að rannsaka fyrir alvöru en það var hegðun stoðhljóðsins *u*. Á endanum ákvað ég þó að það gengi ekki að hliðra sér hjá því að fást við erfiðasta vandamálið.

Þessi stoðhljóðsrannsókn óx og óx og varð á endanum meira en helmingur ritgerðarinnar. Í tengslum við hana skoðaði ég svo að segja allan íslenskan kveðskap frá síðmiðöldum og allmikið safn af seinni tíma rímum. Einnig fór ég ítarlega í saumana á einum rímnaflokki frá 15. öld, Ormars rímum, sem gefnar eru út sem viðauki við ritgerðina. Hér er aðeins tími til að fjalla um fáein aðalatriði.

Í forn máli voru til orðmyndir eins og *bestr* og *yingstr* sem höfðu endinguna */r/*. Þessi ending var ekki atkvæðisbær í kveðskap, eins og í eftirfarandi vísuorðum:

hestr óð lauks fyr Lista (Þórður Sjáreksson, lv. 1.7; *Skj B I:303*)
hann kom **yingstr** til Óðins (*Ragnars saga V.7.7; Skj B II:256*)

Einnig voru til orðmyndir eins og *tungur*, *bróður* og *önnur* sem höfðu endinguna */ur/*. Hún var atkvæðisbær, eins og í eftirfarandi vísuorðum:

ungr vétrima **tungur** (Björn krepphendi, *Magnúsdrápa* 8.8; *Skj B I:406*)
fróðr vaskliga **bróður** (*Íslendingadrápa* 8.4; *Skj B I:541*)
þar vas enn es **önnur** (Sighvatur Þórðarson, *Vikingarvísur* 2.1; *Skj B I:213*)

Í byrjun 14. aldar fer að bera á því í handritum að þessar tvær endingar séu skrifaðar á sama hátt, bæði að fornt *ur* sé ritað <r> og að fornt *r* sé ritað <ur>. Á sama tíma birtast tilfelli um að fornt *r* sé atkvæðisbært í kveðskap. Venjulega er litið svo á að orðið hafi hljóðbreyting sem breytti *r* í *ur* og endingarnar hafi þar með fallið saman. Þetta er sennilega rétt. En í kveðskapnum kemur þessi breyting fram á nokkuð óvæntan hátt. Á fjórtánu, fimmtánu og sextánu öld er málum háttað svo að inni í vísuorðum verður gamla *r*-endingin gjarnan atkvæðisbær en í lok vísuorða er hún það alls ekki. Til dæmis er hér ferskeytt vísa úr Ólafs rímu Haraldssonar:

Kálfur hjó til bragnings **bystr**,
batt sér þungan vanda,
rammlega var hann á reiði **lystr**
ræsi þeim að granda. (Ólafs ríma Haraldssonar 52; Rs I:7)

Til að textinn falli inn í bragarháttinn verðum við að hafa *ur*-endingu í *Kálfur* en *byrstur* þarf að vera einkvætt: **Kálfur** hjó til bragnings **bystr**.

Það merkilega er að aðeins orð sem höfðu að fornu endinguna *r* koma fyrir í karlrími. Þau sem hafa fornu endinguna *-ur* geta hins vegar tekið þátt í kvenrími. Hér eru tvær vísur til viðbótar. Þessi er úr Brönu rímum (hér tákna uppskrifuðu bókstafirnir ¹ og ² mismunandi tónkvæði í samræmi við algenga ritvenju):

Báru hið skæra brenda ¹**vell**
bjartar silki ²**Nönnur**,
samið með guðvef, silki og ¹**pell**
svó var hver sem ²**önnur**. (Brönu rímur XVI.41; Uppskriftir)

Hér stendur *Nönnur* – *önnur* í kvenrími en þessi orð hafa fornar *ur*-endingar. Hér er svo vísa úr Ormars rímum:

Þó allur sé eg af angri ¹**bleikr**
og efldur sárri ²**pínu**
hætti eg á hvórt hringa ¹**eikr**
hlýða gamni ²**mínu**. (Ormars rímur I.6; Haukur Þorgeirsson 2013:320)

Hér eru *bleikr* og *eikr* í karlrími.

Hvernig gerðu skáldin greinarmun á orðum eins og *eikr* (nú *eikur*) og *Nönnur*? Ef það væri með hefðarreglu þyrfti það að vera sundurgreinandi hefðarregla. En vandséð er hvernig slík hefðarregla hefði getað viðhaldist eftir að ekki var lengur gerður greinarmunur á *r* og *ur* í stafsetningu.

Ég tel því einsýnt að orðmyndir eins og *eikur* og *Nönnur* hafi **ekki** verið eins í framburði á síðmiðöldum. En í hverju lá munurinn? Það er hægt að hugsa sér fleiri en einn möguleika en það sem mér virðist líklegast er að greinarmunurinn hafi falist í aðgreinandi tónkvæði.

Tónkvæði

Í flestum norskum og sænskum mállýskum er gerður greinarmunur á tvenns konar tónkvæði eða orðtónum, fyrra og seinna tónkvæði. Í dönsku er samsvarandi munur á orðum með og án raddglufuþrengingar (*stød*). Yfirleitt er talið að danska raddglufuþrengingin hafi þróast úr aðgreinandi tónkvæði. Í grundvallaratriðum dreifast tónkvæði og raddglufuþrenging á hátt sem er fyrirsegjanlegur út frá atkvæðafjölda í norrænu. Tvíkvæð orð í norrænu hafa afkomendur með seinna tónkvæði í sænsku og norsku og án raddglufuþrengingar í dönsku. Til dæmis má taka orðið *tunga*, sem er tvíkvætt í norrænu og afkomendum hennar. Orðmyndin *tunga* hefur seinna tónkvæði í sænsku og norsku og er án raddglufuþrengingar í dönsku.

Ýmis orð sem voru einkvæð í norrænu hafa eignast tvíkvæða afkomendur í yngri máluum með tilkomu stoðhljóðs. Þessi orð hafa fyrra tónkvæði í sænsku og norsku og raddglufuþrengingu í dönsku. Til dæmis má taka orðið *finger*, sem í norrænu er einkvætt, *fingr*. En í öllum norrænum málum sem nú eru töluð er þetta orð tvíkvætt. Á dönsku hefur *finger* raddglufuþrengingu og á norsku og sænsku hefur þetta orð fyrra tónkvæði.

Þegar stoðhljóðið kom upp í norsku á 13. öld hefur orðið *finger* sem sagt haft fyrra tónkvæði, það varð tvíkvætt en hélt tónafari einkvæðra orða. Á þessum tíma voru norska og íslenska náskyld mál og raunar má segja að íslenska hafi enn verið norsk mállýska fram á síðari hluta 14. aldar. Það eru jafnvel til handrit sem fræðimenn geta ekki ákvarðað hvort Íslendingur eða Norðmaður hefur skrifað. Miðað við þetta er fyrirfram alls ekki ólíklegt að íslenska hafi á þessum tíma haft tónkvæði með sama hætti og norska. Tónkvæði er greinilega fornt í norrænum málum. Það sést meðal annars af sambandi þess við viðskeytta greininn eins og nú verður lýst.

Orð sem voru tvíkvæð í norrænu hafa afkomendur með fyrra tónkvæði eða raddglufuþrengingu ef seinna atkvæðið var ákveðinn greinir. Til dæmis má taka dönsku orðmyndina *hunden* 'hundurinn', sem hefur raddglufuþrengingu. Það sem skiptir máli er þá greinilega málstigið áður en viðskeytti greinirinn bættist við. Viðskeyttur greinir er venjulegur hluti af norrænum málum í elstu rituðum heimildum og hefur ef til vill orðið það mun fyrr. Mér finnst því fyrirfram sennilegast að forníslenska hafi haft svipuð tónkvæðiseinkenni og norska.

Sem betur fer er þó ekki getgátum einum um þetta að sæta. Í Þriðju málfræðiritgerðinni, sem Ólafur hvítaskáld ritaði á seinni hluta 13. aldar, er fjallað um ýmis málfræðileg atriði sem varða brag og stíl. Þar er meðal annars fjallað um tónkvæði, eða mismunandi **hljóðsgrein** eins og fyrirbærið er þar kallað. Umfjöllunin er því miður nokkuð grautarleg og sýnilegt að Ólafi hefur ekki almennilega tekist að slíta sig frá grísk-latnesku fræðiritunum sem hann hafði að undirstöðu. En það sem þrátt fyrir allt bendir sterklega til þess að Ólafur hafi verið að lýsa raunverulegu norrænu tónkvæði er það sem hann segir um vísuhelmung eftir skáldið Skraut-Odd (sjá Finn Jónsson (útg.) 1927:45–46):

Um viðrlagning hljóðs-greinar verðr barbarismus sem Skraut-Oddr kvað:

Ef væri Bil báru
brunnins logs sú er unnum
opt geri ek orða skipti
einrænliga á bænum.

Hér er bænum [með hvassri hljóðsgrein] sett fyrir bænum [með umbeygilegri hljóðsgrein].

Stílhugtakið **barbarismus** nær yfir ýmiss konar orðaleiki og frávik frá eðlilegu máli sem fyrir koma í kveðskap. Hér er greinilega einhvers konar orðaleikur á ferð en vísuhelmingurinn er eigi að síður auðskilinn og mætti endurseja svona: 'Ef konan sem ég ann væri á bænum. Oft skipti ég sérviskulega á orðum.' Það sem öllum sem um þennan kveðskap hafa skrifað ber saman um er að leikið sé með orðin *bæn* (í þágufalli fleirtölu) og *bær* (í þágufalli eintölu með greini). Konan er annaðhvort heima á bænum eða hún liggur á bæn.

Ólafur hvítaskáld lítur greinilega á *bænum* og *bænum* sem lágmarkspar sem greinist í sundur með hljóðsgrein. Klaus Johan Myrvoll og Trygve heitinn Skomedal bentu á í grein 2010 að þetta er í fullkomnu samræmi við tónkvæði að skandinavískum hætti, *bænum* af *bær* ætti að hafa fyrri tónkvæði og *bænum* af *bæn* ætti að hafa seinna tónkvæði. Hér virðist því komin býsna skýr heimild fyrir því að forníslenska hafi haft hliðstæða tónkvæðisaðgreiningu og fornorska. Myrvoll og Skomedal túlka Þriðju málfræðiritgerðina þannig að í lok vísuorða í dróttkvæðum hætti hafi tvíkvæð orð með fyrri tónkvæði ekki verið tæk. Þetta virðist sennilegt.

Ef við hugsum okkur nú að í ferskeyttum hætti hafi einnig verið krafa um rétt tónkvæði verða vandamálin með stoðhljóðið auðveldari viðfangs. Þá hafa orðmyndir eins og *eikur* haft fyrri tónkvæði og orðmyndir eins og *Nönnur* haft síðara tónkvæði. Orðmyndir eins og *eikur* hafa þá haft svipað tónafar og einkvæð orð og þá verður skiljanlegra hvers vegna þau eru aðeins notuð í karlrími.

Ef þessi skýring á stoðhljóðsvandamálinu væri rétt myndum við búast við að sjá einnig takmarkanir á því hvernig orð með ákveðnum greini eru notuð. Skáldin ættu þá að forðast rímpör eins og *böndin* – *löndin* eða *bundinn* – *lundinn*. Þetta kemur líka á daginn. Í ferskeyttum rímum fyrir síðaskipti eru aðeins tvö dæmi um slík rím í 8626 vísu. Eftir síðaskipti gera skáldin ekki lengur greinarmun á orðum með fornu og nýju *-ur* og rím með greini færast í vöxt. Í rímum fyrir síðaskipti eru, sem fyrr segir, tvö dæmi um rím með greini sem brýtur gegn tónkvæðishömlunni. Eftir síðaskipti hef ég fundið 203 slík dæmi í álíka stórrí málheild. Niðurstaða mín er þá sú að íslenska hafi haft aðgreinandi tónkvæði og að merki um það sjáist í kveðskap fram til um 1600.

Niðurlag

Ég læt þetta þá duga um efni ritgerðarinnar en mig langar að enda á nokkrum þakkarorðum. Doktorsnámi mínu lýkur núna fjórum árum eftir að það hófst. Ég hef verið svo lánsamur að njóta styrkja til náms og rannsókna allan þann tíma og fyrir það er ég þakklátur samfélaginu. Öðruvísi hefði þetta óhjákvæmilega tekið fleiri ár. Ég tel mig líka lánsaman með doktorsnefnd og vil þakka Kristjáni, Þórhalli og Bergljótu fyrir leiðsögnina. Kristján, leiðbeinandi minn, hefur bæði veitt mér vandaða akademíska leiðsögn og einnig verið góður félagi. Það er gott að leita til hans enda hefur hann smitandi trú á að hlutirnir muni fara vel. Loks vil ég þakka fjölskyldu minni og tengdafjölskyldu fyrir mikinn og samfelldan stuðning. Þakka ykkur öllum.

HEIMILDIR

Sjá heildarheimildalista á bls. 225–27.

* * *

Haukur Þorgeirsson
Íslensku- og menningardeild
Háskóla Íslands
IS-101 Reykjavík, ÍSLANDI
haukurth@hi.is

GUNNAR ÓLAFUR HANSSON

Andmæli við doktorsvörn Hauks Þorgeirssonar

1. Inngangsorð

Það er mér mikil ánægja að fá hér að fara fáeinum orðum um ágæta doktorsritgerð Hauks Þorgeirssonar, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, sem ber reyndar langan undirtitil í stíl fræðirita fyrri alda: *Stoðhljóð, tónkvæði og önmur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fraðmarssyni*. Meginviðfangsefni ritgerðarinnar er samspil annars vegar bragkerfisins með reglum sínum um stuðla-setningu, innrím, endarím og hrynjandi og hins vegar málkerfisins sem slíks, nánar tiltekið hljóðkerfis þess tungumáls sem skáldið yrkir á.

Segja má að hinn rauði þráður verksins sé tvíþættur. Annar þátturinn er sú spurning að hversu miklu leyti megi lesa vísbendingar úr kveðskap (rími, stuðla-setningu o.þ.h.) um ákveðna þætti málkerfisins á viðkomandi tímaseiði. Tilgangurinn getur þá verið að tímasetja tiltekna málbreytingar eða kanna framvindu þeirra á því tímabili þegar þær eru að ganga yfir, eins og til dæmis hvort einhverjar millibilsmyndir eða hliðarþróun hafi komið við sögu á leið miðmyndarendingarinnar úr *-sk* yfir í *-st* eða hvort tilkoma stoðhljóðs (*u*-innskot) á undan *r* hafi á tímabili einkum verið bundið við tiltekið hljóðaumhverfi, s.s. á eftir fráblásnu lokhljóðunum *p*, *t*, *k*. Hinn þátturinn í þessum rauða þræði er fremur kennilegs eðlis og vísar þá til mismunandi kenningakerfa innan hljóðkerfisfræðinnar sem vísindagreinir. Þar veltir Haukur upp áleitnum spurningum sem snúa að því hvort lesa megi úr bragreglum sumra tungumála, í þessu tilviki íslensku, nokkrar vísbendingar um réttmæti tiltekinna hugtaka, greiningarlíkana eða kenninga og um sálfræðilegan raunveruleika þeirra eininga og vensla sem þessar kenningar gera ráð fyrir.

Hvað uppbyggingu varðar er ritgerðin eilítið óvenjuleg. Segja má að hún skiptist í þrjá nokkuð jafnlanga meginhluta, sem allir eru býsna ólíkir hver öðrum. Í fyrstu sex köflunum eru reifuð helstu álitamál um samspil bragkerfis og hljóðkerfis og skoðuð mörg einstök atriði þar sem mismunandi samhljóðum, sérhljóðum eða samhljóðaklösnum er leyft að stuðla eða ríma saman þótt ólík séu, s.s. þegar *j* stuðlar við sérhljóð eða *a* og *o* standast á í aðalhendingum. Annar meginhluti verksins samanstendur síðan af þremur köflum sem taka til hrynjandi og *u*-innskots og samspils þeirra, sem og vísbendinga úr þessu samspili í þá veru að íslenska hafi á síðmiðöldum varðveitt aðgreinandi tónkvæði. Segja má að þetta sé hryggstykki ritgerðarinnar, enda er 8. kafli einn og sér um 100 bls. að lengd (jafnlangur og allir kaflarnir á undan samanlagðir, að innganginum frátöldum) og ber

sá kafli stutta og hnitmiðaða yfirskrift: „Stoðhljóðið“. Þar að auki er það aðallega þessi hluti verksins sem kallast á við það sem nefna mætti þriðja og síðasta hluta verksins, en það er það ríkulega textafræðilega efni sem fylgir með í viðaukum við hina eiginlegu ritgerð. Þar er að sjálfsögðu fyrirferðarmest stafrétt útgáfa Ormars rímna (frá 15. öld), ásamt með lesbrigðum úr ólíkum handritum, auk texta rímnanna á samræmdri stafsetningu.

Eins og einatt er raunin þegar söguleg hljóðkerfisfræði er annars vegar þá er Haukur hér að kljást við erfitt verkefni sem útheimtir djúpstæða þekkingu á málheimildum þeirra tímaskeiða sem um ræðir, auk kunnáttu í handrita- og textafræði, svo ekki sé talað um hinn fræðilega bakgrunn úr almennum málvísindum og þá helst hljóðkerfisfræðikenningar þær sem við sögu koma í skrifum fyrri fræðimanna um samspil hljóðkerfis og bragkerfis. Þegar á þetta er litið verður ekki annað sagt en að hér hafi Haukur unnið ákaflega vandað verk í alla staði og óska ég honum til hamingju með ritgerðina.

Engu að síður er það nú svo að hlutverk andmælanda við doktorsvörn felst að miklu leyti í því að velta við steinum þar sem kunna að leynast óútkljáð og ef til vill óvænt vandamál og gerast jafnvel á stundum málsvari andskotans til að gera doktorsefninu kleift að standa fyrir sínu, verja rannsóknarritverk sitt eins og ráð er fyrir gert. Hér ætla ég að leitast við að velta upp nokkrum slíkum atriðum, þar sem ég er ýmist ósammála Hauki hvað varðar niðurstöður, forsendur eða aðferðir eða þá finnst hann hafa skautað fullléttilega yfir mikilvæg sjónarmið eða mótrök í umfjöllun sinni. Í leiðinni mun ég bera upp fáeinar spurningar sem Haukur getur síðan freistað þess að svara í viðbrögðum sínum við þessari framsögu minni.

2. Gildi og hlutverk Ormars rímna í verkinu

Ég ætla reyndar að byrja strax á slíkri spurningu, en hún er einföld og snýr að því hvaða hlutverki útgáfan á Ormars rímum Fraðmarssonar (og tilheyrandi textafræðileg vinna henni tengd) gegnir í þessari ritgerð og hvert gildi þeirrar heimildar er fyrir rannsóknarverkefnið sem slíkt. Þetta þykir mér ekki koma nógu skýrt fram, sérstaklega ekki í íslenska megintextanum, þótt farið sé örfáum orðum um það í enska útdrættinum í lokin.

Spurning 1: Hvers vegna var talið nauðsynlegt að fella inn í verkið áður óúttefnið rímnabálk? Ritgerðin byggir að öðru leyti á ríkulegu safni útgefins kveðskapar frá mörgum tímum, meðal annars því tímaskeiði sem Ormars rímur eru frá. Hvað er sérstakt við texta Ormars rímna sem kallaði á þessa ákvörðun?

3. Jafngildi, hljóðfræðileg líkindi og hljóðkerfisgerð

Þegar grundvöllur bragreglna um stuðlun og rím er kannaður er lykilatriðið **jafngildi**. Hvenær má leggja tvö hljóð, hljóðaraðir, atkvæðahluta o.s.frv. að jöfnu og

þar með leyfa þeim að stuðla eða ríma saman? Hér geta auðvitað oft komið til hefðarreglur sem eiga sér sögulegar rætur, enda eru slíkar reglur fyrirferðarmikið viðfangsefni Hauks í þessari ritgerð. En ekki er síður áhugavert að kanna til hlítar hvað liggur til grundvallar jafngildi (í bragfræðilegum skilningi) þegar hefðarreglur koma ekki við sögu. Hér hafa ýmsir fræðimenn fyrri áratuga stundum vísað til hljóðkerfisgerðar, ýmist til baklægrar eða morfófónemískrar gerðar í anda generatífrar hljóðkerfisgreiningar eða þá hefðbundinnar fónemískrar gerðar í anda formgerðarstefnunnar.

Hér tekur Haukur nokkuð róttækan pól í hæðina og virðist telja — ef ég hef skilið hann rétt — að **hljóðfræðileg líkindi** séu ein og sér nægilegur grundvöllur fyrir jafngildi, og að braghefðir styðjist ekki við annað en slík yfirborðslíkindi (auk hefðarreglna, að sjálf sögðu, þar sem þær eiga við).² Ef þetta er tekið bókstaflega þýðir það þá væntanlega að bragkerfið skírskotar í raun aldrei til hljóðkerfisgerðar af nokkru tagi, ekki einu sinni til fónemískrar gerðar í hefðbundum skilningi. Ástæðan fyrir því að *sýnd* rímar t.d. ekki við *mynd* hlýtur þá alls ekki að vera sú að /i/ og /ɪ/ séu ólík fónem í íslensku hljóðkerfi, heldur einungis að hljóðin [i] og [ɪ] séu ekki nógu lík í hljóðfræðilegu tilliti til að bragkerfið geti talið þau jafngild.

Ég vil leyfa mér að efast um að þetta eigi við rök að styðjast, enda á ég bágt með að trúa því að fónemískur munur hljóða — og sú djúpstæða tilfinning málnotandans að tvö hljóð séu „ekki sama hljóðið“ ef þau eru aðskilin fónem, en að þau séu „sama hljóðið“ ef þau eru hljóðbrigði eins og sama fónems — komi ekkert við sögu í þeim óskráðu bragreglum um rím og stuðlasetningu sem skáld fara eftir. Nú eru [i] og [ɪ] til dæmis hljóðbrigði í mörgum öðrum tungumálum. Ættum við virkilega að trúa því að rímreglur slíkra mála væru allt eins líklegar til að sundurgreina þessi tvö sérhljóð eins og íslenskan gerir? Tökum annað dæmi. Stutt /ai/ verður oft að hljóðgildi ákaflega líkt stuttu /a/ eða stuttu /e/ (sbr. breytingu eins og *ætla* > [ahtla] í máli sumra). Er raunhæft að skáld myndu nokkurn tíma leggja slík sterk hljóðfræðileg (yfirborðs)líkindi til grundvallar og taka upp á því að ríma skipulega og reglubundið saman orðapör eins og *æst* : *hvasst* eða *mældi* : *valdi*? Er trúverðugt að það sé stafsetningarmunurinn einn sem haldi þarna aftur af mönnum?

Þessu má líka snúa við og velta fyrir sér hvort hljóðfræðileg ólíkindi (ef svo má segja) geti ein og sér verið nægur grundvöllur fyrir því að tvö hljóðbrigði sama fónems séu sett í sinnhvorn jafngildisflokkinn í kveðskap. Nú er til dæmis fráblástur lokhljóða talsvert lengri og hefur aðra hljóðrófseiginleika ef á eftir fer frammælt og nálægt sérhljóð eins og [i] eða [ɪ] en ef sérhljóðið er fjarlægt og miðeða uppmælt eins og [a] eða [ai] (sjá t.d. Ohala 1983). Er raunhæft að ímynda sér að skáld gætu lagt þennan hljóðfræðilega mun til grundvallar og látið orð eins og

² Haukur bendir réttilega á að hljóðfræðileg líkindi taka ekki aðeins mið af hljóðmyndunarlegum atriðum heldur ekki síður hljóðeðlis- og hljóðskynjunarlegum eiginleikum viðkomandi hljóða og hljóðaraða.

tími og *tindur* stuðla aðeins hvert við annað en ekki við *taka* eða *tæki*? Ef eitthvað heldur aftur af skáldunum í þessum efnum, er það þá einungis stafsetningin? Þessar vangaveltur má taka saman í eftirfarandi spurningu, sem ég ætla að biðja Hauk að svara:

Spurning 2: Er raunhæft að bragreglur (aðrar en augljósar hefðarreglur) styðjist á engan hátt við fónemíska gerð heldur aðeins við hljóðfræðileg líkindi og stafsetningu? Ef fónem (í einhverjum skilningi þess hugtaks) eru sálfræðilega raunverulegar einingar eða formdeildir í huga málnotandans, hvaða rök hniga þá að því að fónemísk jafngildisvensl leiki alls ekkert hlutverk í kveðskap?

4. Gómhljóð og *b*-klasar

Í umfjölluninni um stuðlun og rím milli uppgómmæltra og framgómmæltra lokhljóða í 3. kafla dregur Haukur þá ályktun að jafngildi þessara hljóða sé „samfallandi kveðskaparhefð með fornar rætur“ (bls. 57). Síðar í sama kafla (bls. 67) segir hann:

Þegar *k^h* og *c^h* klofna smám saman í tvö fónem er ekki óvænt að þau haldist í einum jafngildisflokki enda alast verðandi skáld upp við að heyra þau stuðla saman og standa saman í hendingum.

Í 4. kafla er fjallað á svipuðum nótum um stuðlun /h/ við óraddaða hljómendur eins og þá sem ritaðir eru með *hl*, *hn* o.þ.h. í upphafi orðs. Þarna er sem sé gert ráð fyrir að skáld þurfi beinlínis að læra að það megi stuðla og ríma saman þessi hljóðapör; þetta sé m.ö.o. **lærð undantekning** frá því sem viðvaningar og almennir málnotendur myndu annars skynja sem „ónákvæmt rím“, „hálfím“ eða þess háttar. Þetta þykir mér ósennilegt. Að vísu er erfitt að festa hendur á því hve stóran hlut stafsetning á í því að móta hugmyndir hins almenna málnotanda um það hvað teljist vera sama hljóð og hvað ekki, en tilfinningin um slíkt hljóðkerfislegt jafngildi finnst mér hér vera mun sterkari og dýpri en að hægt sé að kenna rit-hættinum og kveðskaparhefðinni einum um.

Í íslenskri málfræði hefur myndast sú sterka og langlífa hefð að kalla þau hljóð sem rituð eru *kj* og *gj* (eða þá *k* og *g* á undan *i/y*, *i/y*, *e*, *ei/ey* og *æ*) „framgómmælt“ lokhljóð og hljóðrita þau ávallt með tilheyrandi IPA-táknum, [c^h] og [c] (eða [j]). Þó er langur vegur milli hljóðgildis og myndunarstaðar þessara íslensku hljóða og raunverulegra framgómmæltra („palatal“) samhljóða í öðrum málum, s.s. ungversku eða norskum mállýskum. Þessum íslensku hljóðum svipar mun frekar til þess sem í mörgum öðrum málum er flokkað sem framgómuð („palataliseruð“) hljóð, sem sé [k^j]. Meðal einkenna á framgómuðum samhljóðum, og eins á kringdum samhljóðum eins og [x^m] í sumum afbrigðum *hv*-framburðar,

er að aukahljóðmyndunarinnar (e. *secondary articulation*) gæti einkum í síðari hluta hljóðsins, við mörk samhljóðsins og eftirfarandi sérhljóðs. Af þeim sökum getur verið nánast ómögulegt að greina til hlítar á milli þess hvort í hljóðkerfislegu tilliti er á ferðinni klasi samhljóðs og hálsérhljóðs, /kj/, eða þess í stað eitt stakt samhljóð sem ber aukahljóðmyndun, /kʰ/.

Þetta má að mínu mati heimfæra upp á hin svonefndu framgómæltu lokhljóð íslenskunnar og greina þau þess í stað sem **samhljóðaklasa** í hljóðkerfisgerð: /kʰ/ eða /k/ með eftirfarandi /j/.³ Í ritgerðinni er vitnað (bls. 65) í Guðvarð Má Gunnlaugsson (1993) um þá hugmynd að sú sögulega framgómun *k* og *g* sem varð á undan frammæltum sérhljóðum (þ.m.t. þess hljóðs sem nú er *æ* /ai/) hafi falið í sér innskot á *j*-i, að minnsta kosti í hljóðkerfislegu tilliti, en það rímar vel við þessa hugmynd. Að sama skapi bera óraddaðir hljómendur í framstöðu íslenskra orða keim af því að þeir séu hugsanlega klasar jafnvel á yfirborðinu, og þá í hreinum hljóðfræðilegum skilningi. Orð eins og *hlátur* hefjist þannig á órödduðu [l] sem á eftir fylgir raddað [l] áður en að sérhljóðinu kemur (sbr. Höskuld Þráinsson 1981).⁴ Aftur er hér um að ræða atriði sem ekki skilar sér í þeirri hljóðritunarhefð sem hefur mótast meðal íslenskra málfræðinga.

Haukur tekur til ítarlegrar og gagnrýninnar umfjöllunar þá hugmynd að svonefnd framgómælt lokhljóð og óraddaðir hljómendur í framstöðu séu klasar í hljóðkerfisgerð („baklægri gerð“), en þar einblínir hann á það hvort **hljóðbeygingarleg víxl** ein og sér gefi nægileg rök fyrir slíkri greiningu. Hann telur að svo sé ekki og þar er ég honum sammála, en þar með er alls ekki sagt að klasagreiningin sé úr sögunni. Sú greining er heldur ekki tiltakanlega „djúp“. Til dæmis felur hún einfaldlega í sér að fónemið /h/ hafi hljóðbrigðið [h] þegar /l/ fer á eftir, og að hljóðfræðileg birtingarmynd fónemsins /j/ á eftir gómhljóði sé aukahljóðmyndun (framgómun, palatalisering) sem leggst ofan á það hljóð og skarast við það. Greining af þessu tagi krefst þess að vísu að horfið sé frá strangtrúaðri formgerðarstefnu hvað varðar leyfileg vensl fónems og hljóðbrigða, en slíkt er ekki endilega ókostur. Þess utan myndi greining sem þessi þýða að engin „framgómunarregla“ er endilega til staðar í íslensku. Því er það regluröðunarvandamál sem velt er upp á bls. 65 sömuleiðis úr sögunni.

Hér er sem sé lagt til að sú jafngildisflokkun sem leyfir stuðlun *kj* við *k* eða *hn* við *h* (o.s.frv.) hvíli á öðru og meiru en hreinni hefð. Ef hefðarreglum væri einum um að kenna, eins og Haukur ályktar, þá vaknar sá grunur að sjá mætti aðrar vísbendingar um það. Í 2. kafla, þar sem rætt er um stuðlun /j/ við sérhljóð og endalok þeirrar hefðar, vitnar Haukur til dæma sem Ragnar Ingi Aðalsteins-

³ Ég tel /j/ raunar vera hálsérhljóð í íslensku enn þann dag í dag (ólíkt því sem á við í sænsku, til dæmis), en þar heyrir mér við Haukur vera á svipuðu máli.

⁴ Óraddað /l/ í framstöðu er til dæmis langt í frá eins önglhjóðskennt og það sem verður til við afróddun í orðmyndum eins og *svalt*.

son (2010:250–252) hefur bent á í kveðskap Snorra Sturlusonar — sem hiklaust stuðlar /j/ við sérhljóð að fornri hefð — þar sem **ofstuðlun** teldist vera á ferðinni ef /j/ og sérhljóð væru ávallt lögð að jöfnu. Hér eru þrjú dæmi um slíkt, öll úr Háttatali (sjá bls. 54 í ritgerðinni):

á aldinn mar orpit, / þat's oss frami, jøfrar	(Háttatal 67.7–8)
árla sér, ungr jarl, / allvaldr breka fall	(Háttatal 77.3–4)
ránhegnir gefr Rínar / røf; spyrr ætt at jøfrum	(Háttatal 26.3–4)

Í fyrstu tveimur dæmunum standast þrír hljóðstafir á, allir sérhljóð, en annars staðar kemur einnig fyrir orð með /j/ í framstöðu, annað hvort í fyrra eða síðara vísuorðinu. Í þriðja dæminu eru hljóðstafirnir aðrir, en orð með annars vegar sérhljóð og hins vegar /j/ í framstöðu bera uppi seinni tvö ris síðara vísuorðsins, þar sem engin stuðlun ætti að vera á milli. Þar sem Snorri forðast að öðru leyti ofstuðlun telur Haukur dæmi af þessum toga sterka vísbendingu um að jafngildi /j/ og sérhljóða í stuðlun hljóti þegar að hafa verið orðin lærð hefðarregla á tímum hans. Ef stuðlun og rím þeirra hljóða sem um ræðir hér að ofan (*kj* við *k*, *hn* við *h*, o.s.frv.) er ekkert annað en lærð hefð, ættum við þá ekki að eiga von á að sjá svipuð dæmi um það sem kalla mætti „ofstuðlun af gáleysi“? Til dæmis mætti ímynda sér að stuðlar og höfuðstafur væru allir stakt *h*, en að í sama vísuorði og höfuðstafurinn kæmi einnig fyrir orð sem hæfist á *hl* eða *hn*. Eins gætu stuðlar og höfuðstafur verið uppgómmælt /k/, en í seinna vísuorðinu stæði svo að auki orð sem hæfist á *kj*. Mig grunar hins vegar að slík dæmi fyrirfinnist varla — eða séu a.m.k. engu algengari en sambærileg dæmi um ofstuðlun *h* við *h* (ekki *hn*) eða *k* við *k* (ekki *kj*) — en þá er spurningin: Hvers vegna ekki? Hér vil ég velta þessari spurningu yfir á doktorsefnið:

Spurning 3: Ef jafngildisflokkun gómhljóða innbyrðis, sem og /h/ og óraddaðra hljómenda, eru ekki annað en lærðar hefðir, ættum við þá ekki að búast við að sjá dæmi sem virðast vera ofstuðlun (ef hefðarreglunni er fylgt), líkt og gerist með /j/ og sérhljóð hjá Snorra? Hvað veldur því að slíkt virðist ekki eiga sér stað oftar en raun er?

5. Hljómmagn, atkvæðagerð og rím

Í umfjölluninni um miðmyndarendinguna og rím samhljóðaklasa í 6. kafla er fjallað nokkuð um atkvæðaskiptingu og **hljómmagn** (e. *sonority*). Þar styðst Haukur við tiltekinn hljómmagnsskala, sem settur er fram á bls. 85 með vísun í Ragnar Inga Aðalsteinsson (2010). Sá skali er nokkuð óvenjulegur og séríslenskur að því leyti til að /s/ er þar talið hljómmeyra en önnur önglhjóð, þar með talin rödduð önglhjóð á borð við /ð/. Þetta vekur upp enn aðra spurningu sem ég ætla að beina til Hauks:

Spurning 4: Eru nokkur hrein **hljóðfræðileg** rök fyrir því að flokka hljóm-magn /s/ á þann hátt sem sýnt er á bls. 85? Eða tekur sú flokkun ein-vörðungu mið af íslenskri hljóðskipun? Er þessi hljómmagnsskali lært fyrir-bæri af hálfu málnotenda (á grundvelli hljóðskipunar) og þýðir það þá að skáld taki þrátt fyrir allt tillit til hljóðkerfislegra vensla þegar ort er en ekki aðeins hljóðfræðilegra líkinda og hefðarreglna?

6. Stodhljóð og *-ur* endingar

Kjarni ritgerðarinnar er eins og áður sagði umfjöllunin um stodhljóð (*u*-innskot), samspil þess við rímvenjur og þær ályktanir sem þar af eru dregnar um að íslenska hafi haft aðgreinandi tónkvæði fram um siðaskipti. Í nákvæmri athugun sinni á rímnotkun þeirra orðmynda sem í nútímamáli enda á *-ur*, þar sem slík til-vik eru talin skilmerkilega í tugþúsundum ferskeyttra vísna allt frá fjórtánda öld og fram á þá tuttugustu, skoðar Haukur þær orðmyndir sem urðu fyrir stodhljóðsinnskoti og höfðu því verið einkvæðar í fornu máli, eins og *góðr*, *sonr*, *telr*. Af gögnum Hauks sést hvernig notkun slíkra orðmynda í lok stýfðra vísuorða (þar sem þau áttu heima) dvín smátt og smátt og notkun þeirra í óstýfðum vísuorðum (þar sem þær voru ónothæfar í fornu máli) kemur til sögunnar og verður sífellt algengari.

Það er sá langi tími sem líður frá því að stodhljóðsinnskot er um garð gengið sem hljóðbreyting og til þess er slíkum orðmyndum er leyft að standa í lok óstýfðra vísuorða sem vekur athygli. Það sem er merkilegt við þetta misræmi er að þarna virðast skáldin vera að beita **sundurgreinandi hefð** með því að leggja orðmyndir eins og *sonur* eða *mögur* (sem upphaflega voru einkvæðar) ekki að jöfnu við *konur* eða *sögur* (sem höfðu alltaf verið tvíkvæðar). Ályktun Hauks er sú að **tónkvæði** hafi enn greint á milli þessara tveggja flokka um allnokkurn tíma eftir að stodhljóðsinnskot var um garð gengið og að sú aðgreining hafi þjónað sem grundvöllur fyrir bragfræðilegri hefðarreglu um það hvað mætti ríma saman og hvað mætti nota í hvaða vísuorðum bragarháttarins.

Hér hefði verið fengur í að skoða jafnframt rímþróunina hjá þeim orðmyndum sem alltaf voru tvíkvæðar, eins og *sögur* eða *konur*, og voru því frá upphafi bundnar við óstýfð vísuorð og héldu áfram að vera það. Eins og sést af athugun Hauks halda einstaka skáld lengi áfram þeim sið að fyrna mál sitt með því að beita upprunalega einkvæðum orðmyndum á *-r* í lok stýfðra vísuorða líkt og þau væru enn einkvæð. Skýr dæmi um þetta (sbr. töflur á bls. 185) eru átjándu aldar skáldin Þorvaldur Magnússon (f. 1670) og Sveinn Sölvason (f. 1722). Þetta gerist löngu eftir að slíkar myndir (t.d. *góður*) eru klárlega fallnar saman við upprunalega tvíkvæðar myndir í framburði viðkomandi skálda. Sú spurning vaknar þá hversu vel slíkum skáldum tekst til að halda aðskildum þessum tveimur sögulegu flokkum orðmynda, sem allar hafa væntanlega endað á *-ur* og verið tvíkvæðar í eðlileg-

um framburði þeirra. Ekki væri þá ótrúlegt að af og til væri skotið yfir markið og upprunalega tvíkvæðar myndir einnig „fyrndar“ með því að fella burt *u* úr end-ingunni og nota þær í stýfðu vísuorði — setja til dæmis *konur* í lok stýfðs vísuorðs eins og einkvætt væri (þ.e. beita myndinni eins og hún væri, eða hefði til forna verið, „*konr*“). Ef slíkt gerist aldrei hjá þessum tilteknu skáldum síðari alda þá væri það býsna merkilegt, enda erum við þá aftur að sjá merki um sundurgreinandi hefð (þar sem greint er á milli gamalla *-r* og *-ur* orðmynda), en í þessu tilviki löngu **eftir** að tónkvæði er horfið úr málinu að álitu Hauks. Spurning er hversu það mætti vera, enda sýnist mér að þá myndi veikjast allverulega sú röksemdafærsla Hauks að skáld hljóti að hafa reitt sig á tónkvæði til að halda í hina sundurgreinandi rímhefð orðmynda með *-(u)r* á 15. öld. Því vil ég spyrja Hauk:

Spurning 5: Sér þess einhvern stað að 18. aldar skáld eins og Þorvaldur Magnússon eða Sveinn Sölvason beiti óvart upprunalega **tvíkvæðum** myndum (*sögur*, *konur*) í lok **stýfðra** vísuorðra, þar sem þær áttu hvorki heima fyrir né eftir tíma stoðhljóðsinnskots — skriki sem sagt fótur við það að „fyrna mál sitt“ í rími? Ef ekki, má eitthvað ráða af þeirri staðreynd?

Ég ætla að halda aðeins áfram með þá tilgátu mína að einhvers konar **hljóðkerfisgerð** — í það minnsta **fónemísk gerð** í hefðbundnum skilningi — liggi að einhverju leyti til grundvallar jafngildisvenslum í kveðskaparhefðinni. Þá vaknar sú spurning hversu „djúpt“ bragreglur geta seilst niður fyrir (eða aftur fyrir) hina hreinu hljóðfræðilegu yfirborðsgerð orðmynda. Með öðrum orðum: Hversu langt frá yfirborðsgerð getur sú hljóðkerfisgerð legið sem bragreglur kunna að skírskota til? Þetta er spurning sem oft kemur við sögu í ritgerðinni og færir Haukur sterk rök fyrir því að bragreglur hafi ekki greiðan aðgang að svokölluðum **baklægum gerðum** klassískrar generatífrar hljóðkerfisfræði, en þar eru flest hljóðbeygingarleg víxl leidd af hljóðkerfisreglum sem taldar eru verka á leiðinni úr baklægri gerð yfir í yfirborðsgerðina og baklæga gerðin getur þ.a.l. verið býsna hlutfirrt og frábrugðin þeim framburði sem sést á yfirborðinu. Þau rök sem eru mest sannfærandi í þessu sambandi — og sem mér finnst að Haukur hefði jafnvel mátt hnykkja enn meir á en gert er í ritgerðinni — eru að ef svo væri ættum við von á að sjá mun fleiri dæmi um að samhljóma orðmyndum væri haldið skipulega aðskildum í rími á þeim forsendum að þau séu ólík í baklægri gerð. Þannig ættu skáld t.d. að geta veigrað sér við því að ríma saman hvorugkynsmyndirnar *svalt*, *allt*, *kalt* og *valt*, þar sem orðstofnar þeirra enda á ólíkum samhljóðum eða samhljóðaklósnum, sbr. karlkynsmyndirnar *svalur*, *allur*, *kaldur*, *valtur*.⁵ Slík ímynduð dæmi mætti margfalda að vild.

Hins vegar má ímynda sér mörg stig á milli baklægrar gerðar af þessum toga og fónemískrar gerðar, sem eru reyndar hvorttveggja djúpperðir í þeim skilningi

⁵ Hér er ég vel að merkja að tala um skáld sem eru ekki með raddaðan framburð á *lt*, enda eru þessar myndir ekki allar samhljóða í þeirri mállýsku.

að þær liggja „dýpra“ en sjálf yfirborðsgerðin, hinn hrái hljóðfræðilegi raunveruleiki. Haukur rekur sum þeirra, t.d. hugmynd Stampe (1979) um „morfófónemískra gerð“ sem er nokkurs konar millistig á milli baklægrar gerðar klassískrar generatífrar greiningar og hefðbundinnar fónemískrar gerðar. Með tilkomu **lexíkalskrar hljóðkerfisfræði** fyrir röskum aldarfjórðungi (Kiparsky 1982, 1985, Mohanan 1986, sbr. Þorstein G. Indriðason 1994) verða hins vegar líka til ýmis millistig — frágangur hvers stigs hljóð- og orðhlutakerfisins og ílag þess næsta — sem hægt væri að ímynda sér að bragreglur gætu skírskotað til. Til dæmis má hugsa sér að í kveðskap sé ekki aðeins litið framhjá hreinum hljóðbrigðareglum, heldur einnig **póstlexíkölskum reglum**. Slíkar reglur verka yfir orðaskil og valda þess vegna eingöngu víxlum sem eru málnotandanum ákaflega gagnsæ. Sú hljóðkerfisgerð sem þjónar sem ílag (e. *input*) póstlexíkalskra reglubálksins er vissulega eilítið „dýpri“ en hin hefðbundna fónemíska gerð, en hún liggur engu að síður ansi grunnt og ætti því að vera mjög aðgengileg frá sjónarhóli málnotandans.

Hér komum við aftur að stoðhljóðsinnskötinu og örlögum þeirra orðmynda sem í fornu máli enduðu á *-r* og voru einkvæðar en urðu tvíkvæðar með tilkomu stoðhljóðsins (*hestur* > *hestur*, *brýtr* > *brýtur*). Eitt af því áhugaverðasta sem Haukur sýnir fram á, og styður rækilega með ítarlegum gögnum, er sú ályktun Ólafs Halldórssonar (1973 og víðar) að jafnvel eftir tilkomu stoðhljóðsins hafi atkvæðafjöldi orðmynda eins og *hest(u)r* í fyrstu farið eftir því hvort eftirfarandi orð hófst á samhljóði ellegar á sérhljóði (með eða án undanfarandi /h/). Þetta sést glöggst af innri bragliðum (sjá kafla 8.7.1). Þessi staðreynd gefur okkur skýra vísbendingu um að þegar *u*-innskot kom til sem hljóðbreyting tók það tillit til þessa umhverfisþátta, því varla eru þessi víxl eftir hljóðkerfislegu umhverfi hreint braglegt fyrirbæri og uppfundin innan kveðskaparhefðarinnar. Það er að segja, *u*-innskot átti sér ekki stað (á þessu tímabili) ef á eftir fór orð með sérhljóð eða /h/+sérhljóð í framstöðu. Þetta þýðir í raun að innskotið sem hljóðbreyting hefur um skeið leitt af sér póstlexíkalska reglu, þar sem stoðhljóðsinnskot á undan /r/ í bakstöðu fór eftir setningarlegu samhengi. Í stað hinnar fornu aðgreiningar á milli einkvæðra og tvíkvæðra orða er þá komin til annars konar aðgreining: annars vegar eru orðmyndir sem sýna skipuleg víxl milli tvenns konar framburðar eftir því hvað fer á eftir (*hestur* ~ *bestur*; *telur* ~ *telr*), hins vegar orðmyndir sem sýna aldrei slík víxl heldur eru bornar fram tvíkvæðar jafnvel þegar sérhljóð fer á eftir (*sögur*, *konur*).⁶ Málnotendur hljóta að hafa haldið áfram að halda þessum tveimur flokkum aðskildum, á einhverjum forsendum, enda sér þess t.d. engan stað í innri bragliðum að upprunalegt *u* sé óvart fellt brott í orðmyndum eins og *sögur* þó svo að sérhljóð fari á eftir.

⁶ Af þessu leiðir að hljóðkerfisgerð orðmynda eins og *bestur* ~ *hestur* hefur á þessu málstigi klárlega verið /hest+r/ (hvað svo sem mönnum kann að finnast um stöðu *u*-innskots sem virks ferlis í nútímaíslensku og hvort *-r* endingin sé enn sérhljóðslaus í baklægri gerð).

Ráðgátan sem lagt er upp með í þessum hluta ritgerðarinnar er hverju það megi sæta að skáldum takist að halda fornum einkvæðum og tvíkvæðum myndum skilmerkilega aðgreindum löngu eftir tilkomu stoðhljóðsinnskots og geti farið með þessa tvo flokka á ólíka vegu í endarími. Leyfilegt sé að beita myndum eins og *mögur* eða *sonur* í enda stýfðs vísuorðs en ekki myndum á borð við *sögur* eða *konur*, og öfugt í enda óstýfðs vísuorðs. Þarna virðist um sundurgreinandi hefðarreglu að ræða og telur Haukur að hún styðjist við **tónkvæðismun** sem endurspeglir upprunalegan atkvæðafjölda, rétt eins og þekkest úr öðrum norrænum málum. Sá munur geri hefðinni kleift að lifa áfram um sinn, uns tónkvæðis- aðgreiningin hverfur úr málinu, sem ályktað er að gerist um siðaskipti.

Vitnisburðurinn um póstlexíkölensk innskotsvíxl hjá gömlu einkvæðu orðunum varpar hins vegar öðru ljósi á vandann. Málnotendur hlutu að hafa vitneskju um það að sumar orðmyndir sem enduðu á *-ur* hefðu slík víxl — ættu sér m.ö.o. einkvæðar hliðarmyndir — en aðrar orðmyndir sem enduðu á *-ur* hefðu engin slík víxl heldur væru ávallt tvíkvæðar. Þar með er komið að síðustu og að mínu mati áleitnustu spurningunni sem ég varpa til doktorsefnisins:

Spurning 6: Er hugsanlegt að tilvist innskotsvíxla og einkvæðra hliðarmynda hjá sumum orðum (*góðr* ~ *góður*, *telr* ~ *telur*) en ekki hjá öðrum (*tófur*, *sögur*) hafi ein og sér verið nægur grundvöllur fyrir því að halda sundurgreinandi rímhefð gangandi eins lengi og raun ber vitni? Er slík skýring betri eða verri en tónkvæðisskýringin og þá af hverju?

Til áréttingar vil ég benda á að skýring í þessa veru veltur engan veginn á því hvornig upprunalega einkvæðar myndir eins og *góðr* voru bornar fram í lok segðar eða í lok vísuorðs. Í breytingum sem voru gerðar á kafla 8.11.7 í kjölfar umsagnar minnar um fyrri drög ritgerðarinnar, þar sem ég velti upp þessu vanda máli, telur Haukur ósennilegt að slíkar orðmyndir hafi haldist einkvæðar í lok vísuorða. Ég er sammála honum að þessu leyti, en mikilvægt er að áréttu að sú skýring sem hér er stungið upp á gengur fullt eins vel upp ef framburðurinn var þar orðinn tvíkvæður. Aðalatriðið er að tilvist innskotsvíxla, og vitneskjan um að orðmyndir með *-ur* falli í tvo flokka með tilliti til þeirra víxla, getur hafa verið næg undirstaða undir langvarandi hefðarreglu. Í því sambandi sýnist mér heldur ekki skipta máli að innskot virðist stundum verða á undan viðskeyttum greini í 15. aldar ritum, þó svo að þar fari sérhljóð á eftir *r*-inu (sbr. <lyduren>), en ég hlakka til að heyra hvað Haukur hefur um þetta mál að segja.

7. Lokaorð

Að lokum vil ég áréttu hversu vel unnið verk doktorsefnið hefur hér lagt fram. Mikil og vönduð vinna liggur að baki ritgerðinni og Haukur sýnir djúpstæða þekkingu jafnt á viðfangsefninu sem slíku og viðeigandi aðferðafræði. Sjálfum

Andmæli við doktorsvörn Hauks Þorgeirssonar

207

fannst mér ritgerðin stórfróðleg, vel skrifuð og ánægjuleg lesning. Margt af því sem hér leynist er vel þess virði að bera á borð fyrir hinn alþjóðlega fræðaheim. Ég vil því ljúka máli mínu með því að hvetja Hauk eindregið til þess að leitast við að snúa ýmsum hlutum verksins í birtingar á alþjóðlegum vettvangi, s.s. í tímaritsgreinum.

HEIMILDIR

Sjá heildarheimildalista á bls. 225–27.

* * *

Gunnar Ólafur Hansson
Department of Linguistics
University of British Columbia
2613 West Mall
Vancouver, B.C., V6T 1Z4 CANADA
gunnar.hansson@ubc.ca

HAUKUR ÞORGEIRSSON

Svör við spurningum Gunnars

Eins og venja er með prentuð svör við andmælum eru þau sem hér birtast hnitmiðaðri en þau sem ég mælti af munni fram við vörnina. Þau bera þess einnig merki að ég hef nú átt þess kost að fletta upp tilteknum atriðum.

Spurning 1

Niðurstöður mínar um bragfræðilega uppbyggingu kveðskapar frá síðmiðöldum byggjast einkum á nákvæmri greiningu á texta Ormars rímna. Sérstaklega hvíla niðurstöður mínar um hegðun stoðhljóðsins inni í vísuorðum á þeirri rannsókn. Niðurstöður í sögulegri málfræði verða aldrei traustari en sá textafræðilegi grunnur sem þær hvíla á. Mér þótti því gefast vel að taka sjálfur ábyrgð á hinni textafræðilegu undirstöðuvinnu. Það kemur allnokkrum sinnum fyrir að handritin greini á um atriði sem varða bragfræðilega greiningu. Ef aðeins væri fylgt einu tilteknu handriti, eða ónákvæmri útgáfu, gætu slíkir staðir leitt til rangrar niðurstöðu. Ormars rímur hentuðu sérstaklega vel í þessu samhengi því að þær eru óvenjulega vel varðveittar af miðaldarímum að vera. Kollsbók, elsta handritið, er varla nema nokkrum áratugum yngri en rímnaflokkurinn sjálfur. Kollsbók er gott handrit, en auk þess hafa tvö önnur handrit óháð textagildi.

Spurning 2

Ég hef aldrei ætlað mér að afneita hljóðaninu sem greiningareiningu né heldur því að það eigi sér einhvern sálfræðilegan grundvöll. Hins vegar hefur fræðimönnum gengið seint að ná saman um hvernig beri að skilgreina þetta fyrirbæri. Þetta sést til dæmis á orðalagi Gunnars þar sem talað er um fónem „í einhverjum skilningi þess hugtaks“. Ég ætla mér ekki þá dul að hafa leyst þann ramma hnút. Í kafla 1.2 ræði ég þá hugmynd Baudouin de Courtenay að hljóðbrigði sama hljóðans séu jafngild í rími. Ég tek ekki illa í þá kenningu en bendi á að hún komi ekki endilega að miklu gagni. Baudouin de Courtenay tók dæmi um rússnesku sérhljóðin [i] og [i] en jafnvel lærisveinar hans voru ekki á einu máli um hvort þetta væru tvö hljóðön eða eitt.

Í skilgreiningum á hinu hefðbundna hljóðani er venjulega gengið út frá hljóðfræðilegum líkindum þeirra hljóða sem meiningin er að fella undir einn hatt. Dæmi sem oft er tekið er að hljóðin [h] og [ɣ] í ensku eru í fyllidreifingu en samt

ekki talin til sama hljóðans því að hljóðfræðileg líkindi skortir. Ég hygg því að enginn neiti því að hljóðfræðileg líkindi varði miklu og oft finnst mér duga vel að byggja umræðuna á þeim.

Gunnar veltir fyrir sér líkindum milli stuttra afbrigða *æ* og *a* og spyr hvort þau gætu dugað til að hljóðin stæðu saman í rími. Hér má taka gamalt dæmi:

„Hóldar fóru hauðri nær“,
kvað hristir Ófnis fatla;

„Friðþjófr var það, er framm í rær

frækn, að því er eg ætla“. (Friðþjófs rímur III.45; Rs I:431)

Hér hefur skáldið væntanlega notað eða þekkt einhljóðaframburð á orðinu *ætla*. Ég held hins vegar ekki að skáld mundi taka upp á því að ríma reglubundið saman *æ* og *a* ef það gerði greinarmun á þeim hljóðum í framburði. Slíkt kæmi varla til fyrir en munurinn væri svo lítill að hann stæði höllum fæti í málsamfélaginu og sannarlega myndi íhaldssöm stafsetning veita nokkurt andóf. Rím líkra hljóða, eins og *æ* og *a*, getur að vísu verið samfellandi hefðarregla en ég held því fram að slíkar komi einkum til af sögulegum ástæðum við klofningu eins hljóðans í tvö.

Spurning 3

Ég er sammála Gunnari að þótt hljóðbeygingarvixl þrjóti má ef til vill finna einhver önnur rök fyrir klasagreiningum. Það er sannarlega rétt að til álita kemur að greina það sem kemur á undan sérhljóðinu í *hnaut*, *hlaut* og hugsanlega *braut* sem klasa á hreinum hljóðfræðilegum forsendum. Það má sannfærast um með því að skoða hljóðrofsrit. En þetta get ég ekki séð að gildi um upphafshljóðin í *hvala* (með ókringdum *hv*-framburði) eða *hjala*.

Hvað ætti að færa barni á máltökuskeiði heim sanninn um að *hjala* hefjist á samhljóðaklasa? Einhver gæti svarað: „Ég veit það ekki glöggst en eitthvað hlýtur það að vera fyrst við höfum svona sterklega á tilfinningunni að svo sé.“ Ég legg til að það sé stafsetningin sem skapar þessa tilfinningu en ýmsir eiga bágst með að trúa því að stafsetningarlærdómur hafi slíkt boðunarvald yfir máltilfinningunni. Um það eru þó ýmis dæmi. Ég hef rökrætt við fólk sem telur að það geri greinarmun á orðmyndum eins og *kominn* og *komín*, án tilgerðar og í eðlilegum tal-málsframburði. Mér þykir mjög vafasamt að þessi meinti munur kæmi fram í hljóðfræðilegri mælingu en hitt má vel vera að hann sé að einhverju leyti sálfræðilega raunverulegur hjá þeim sem um ræðir — og þá vitanlega lærður úr stafsetningunni. Þess eru jafnvel dæmi að fólk telji sig heyra mun á framburði <i> og <y>. „Breitt ÿ er nánast borið fram sem breitt ï og grannt y svo að segja sem grannt i, en hvortveggja þó með ögn samdregnara munni“, sagði Jón Magnússon (Jón Axel Harðarson 1997:5) á sínum tíma. Eins og Jón Axel Harðarson (1997:xxxv) bendir á getur þetta ómögulega verið rétt lýsing á 18. aldar framburði.

Enn á 21. öld á Jón Magnússon sér þó skoðanabráður og það þótt skólabörnum sé beinlínis kennt að <i> og <y> hafi sama framburð.⁷ Stafsetningin er hljóðkerfisleg greining á málinu sem málhafar læra snemma og nota daglega. Í henni er fólgið mikið kennivald og það er eðlilegt að fólk hafi þá tilfinningu að hún endurspegli málið rétt. Það kann því vel að vera útbreidd tilfinning að *hjala* hefjist á samhljóðaklasa án þess að það byggist á nokkru öðru en stafsetningunni.

Það er snjöll hugmynd hjá Gunnari að leita að dæmum um ofstuðlun milli gómhljóða og milli þeirra hljóða sem rituð eru með <h>. Þess er þó að gæta að til forna hefur hvor tveggja stuðlunin verið nær því að vera hljóðrétt en nú er. Leita mætti að ofstuðlun í nýrri tíð en þar má jafnframt búast við sterkari áhrifum stafsetningar. Eigi að síður er þetta góð tillaga að rannsóknarefni.

Spurning 4

Hér er heiðarlegast að viðurkenna að ég veit ekki svörin. Ég kaus að fjalla um stuðla og hendingar út frá kenningum um hljómmagn og atkvæðaskil í framhaldi af því sem Þorgeir Sigurðsson (2001), Kristján Árnason (2007) og Ragnar Ingi Aðalsteinsson hafa gert (2010). Í raun þykir mér þó undirstaðan ekki svo traust sem óska mætti, eins og kemur fram í neðanmálgrein á blaðsíðu 85.

Spurning 5

Eftir 16. öld verður ekki séð að skáldin geri greinarmun á orðum með fornum og nýjum *ur*-endingum. Þetta sést meðal annars á því að orð úr sitthvorum flokknum geta rímað saman. Þetta getur gerst hvort heldur sem er í stýfðum vísuorðum eða óstýfðum. Hér er dæmi úr Ármanns rímum eftir Jón lærða (sjá Jón Helgason (útg.) 1948:9):

Eiríkur hafði afbragðs þíkur,
unga þar með sveina,
volsarinn sagðist vera ríkur
og vildi skoða þar eina. (Ármanns rímur I,50)

⁷ Í rökræðu um stafsetningu sem finna má á umræðuvefnum Huga er þetta innlegg: „ef þú myndir læra hljóðfræði þá kæmist þú að þeirri ... ógnvekjandi ... staðreynd að y og í er ekki sama hljóðið / í forneskju hljómaði y og í allt allt öðruvísi og gerir það reyndar enn, þó svo að eingungis sérvitringar á borð við mig heyri það. / Þetta er nokkurn veginn eins og í sænskunni þar sem e og ä hljómar alveg eins fyrir þá sem þæla ekkert í því, en þegar maður virkilega hlustar og hugsar meðan maður myndar hljóðin þá eru þau öðruvísi“. Notandinn katharos, sem bauð upp á þennan lærdóm, átti sér að minnsta kosti tvo skoðanabráður í umræðunni.

Sams konar dæmi frá sama tímabili eru sýnd á bls. 188. Gunnar nefnir sérstaklega Svein Sölvason og viðeigandi dæmi má finna strax í mansöng fyrstu rímu hans af Gissuri jarli (Sveinn Sölvason 1800:1):

Annara landa er það sidur
(Eignadur skáldum sønnum):
Ad færa søgn í fagrar qvidur
Af frægum edalmönnum. (Rímur af Gissuri jarli I.4)

Hér er orðmyndin *kviður* (ft. af *kviða*) sett í lok ójafns vísuorð í ferskeyttum hætti, eins og hún væri einkvæð. En þessi orðmynd hefur aldrei verið einkvæð svo að segja mætti að um ranga málfyrningu sé að ræða.

Stundum rímar fornt *-ur* við fornt *-ur* (t.d. *veilur – deilur* eða *bróður – móður*), en það er sjaldgæft bæði að fornu og nýju því að heppileg rímorð eru fá (sjá Hauk Þorgeirsson 2013:177). Það vill til að ég finn engin dæmi um þetta í úrtakinu mínu frá 17. og 18. öld, hvorki í stýfðum vísuorðum né óstýfðum. Það er vissast aðeins tilviljun. Í 22.305 vísum fyrir 1550 fann ég 8 dæmi (sama rit, bls. 177), en úrtakið mitt frá 17. og 18. öld er aðeins 3779 vísur svo að þess var ekkert endilega að vænta að finna neitt dæmi þar.

Ég sé sem sagt ekkert í þessum gögnum sem mælir gegn niðurstöðum mínum. En spurning Gunnars er góð því að mér láðist að segja berum orðum í kafla 8.8.2 að eftir siðaskipti kæmu orð með fornu *-ur* fyrir í stýfðum vísuorðum.

Spurning 6

Þetta er bitastæðasta spurningin og hún sýnir hversu nákvæmlega Gunnar hefur íhugað efnið. Eftir að ég taldi mig hafa sýnt fram á að skáld síðmiðalda hefðu gert greinarmun á orðmyndum með fornu *-ur* og nýju *-ur* vildi ég ræða alla möguleika á því á hverju sá greinarmunur hefði byggst. Ég reyndi þá bæði að gera öllu því skil sem fræðimenn hefðu þegar sagt um þetta en einnig að hugsa upp möguleika sem ekki hefðu áður verið nefndir. Ég raðaði þessum möguleikum í átta undirkafla (8.11.1–8.11.8), nokkurn veginn eftir því hversu sennilegir mér þóttu þeir. Sá möguleiki sem mér þótti næstsennilegastur, á eftir tónkvæðisskýringunni, er sá sem Gunnar reifar hér og ég fjalla stuttlega um í undirkafla 8.11.7.

Inni í vísuorðum miðaldarímna má sjá að orðmyndir eins og *hest(u)r* eru venjulega tvíkvæðar en þó einkvæðar ef á eftir fer áherslulaust orð sem hefst á sérhljóði. Ég er sammála Gunnari að þetta sé varla tóm bragfræðileg sérviska. Líklegra er að þetta endurspegli að einhverju leyti málið eins og það var talað, enda er það hljóðkerfislega eðlilegt að stöðhljóð komi fremur til skjalanna í *hestur var* en *hestur er*. Við Gunnar erum einnig sammála um að *hestur* væri eðlilegri mynd en *hestur* í algjörri bakstöðu. Það getur því varla endurspeglað talmálið að aðeins einkvæða myndin komi til greina í lok vísuorðs. Ef enginn greinarmunur heyrðist á orðmyndum eins og *móður* (lo.) og *móður* (no.) nema aðeins þegar á

eftir fór áherslulítið orð sem hófst á sérhljóði er grundvöllurinn fyrir aðgreiningu ef til vill fremur veikur. Vissulega minnir þetta þó á *liaison* í frönsku.

En ef *hestur* var tvíkvæð orðmynd í talmáli í algjörrri bakstöðu, hvaða ástæða var þá til að nota hana sem einkvæð væri í lok vísuorða í kveðskap? Hvers vegna að fara eftir talmálinu inni í vísuorðum en ekki í lok þeirra? „Það er hefð,“ getum við sagt, en í kenningunni sem hér er rædd er engin skýr hvöt eða ástæða fyrir þessari hefð. Tónkvæðiskenningin hefur þann kost að sjá okkur fyrir ástæðu — ef bragarhátturinn krafðist fyrra tónkvæðis í stýfðum vísuorðum og seinna tónkvæðis í óstýfðum verður allt skiljanlegt.

Tónkvæðisskýringin skýrir á einu bretti hvers vegna rímnaskáld síðmiðalda leyfðu sér ekki rím eins og *góður – fróður* eða *böndin – löndin* eða *veit eg – leit eg* í óstýfðum vísuorðum. Hún fær auk þess mikinn stuðning af Þriðju málfræðiritgerðinni. Ég tel því að á bak við hana séu sterk rök. Samt sem áður er það sennilega rétt hjá Gunnari að aðgreining orða eins og *1móður* og *2móður* hafi ekki aðeins byggst á tónkvæði heldur einnig á mismunandi framburði á undan áherslulitlum orðum með sérhljóðsupphaf. Þessu gaf ég ekki nægan gaum í ritgerðinni. Í köflum 9.9 og 9.10 ræði ég tilfelli þar sem aðgreining fornra og nýrra *ur*-endinga virðist ekki endilega fara saman við tónkvæðiskröfu. Þar gæti ábending Gunnars skipt máli.

HEIMILDIR

Sjá heildarheimildalista á bls. 225–27.

* * *

Haukur Þorgeirsson
 Íslensku- og menningardeild
 Háskóla Íslands
 IS-101 Reykjavík, ÍSLANDI
 haukurth@hi.is

MICHAEL SCHULTE

On Haukur Þorgeirsson's doctoral dissertation

Haukur Þorgeirsson has delivered an appealing case study on the interface between phonology and poetry in Old and Middle Icelandic. The dissertation is written in Icelandic, with an English summary: “How poetic is phonology? Studies in Old and Middle Icelandic poetry” (pp. 355–75). The work raises a range of interesting diachronic issues, not least regarding **tonemes** and **epenthetic vowels** as well as the historical development of the **medio-passive** in Icelandic and West Scandinavian. Haukur takes explicit note of a range of possible explanatory factors, including the notion of deep structure, structural arguments centered on the phoneme, orthography, i.e. the supportive force of spelling traditions, phonetic similarity, and not least tradition more broadly (see §10, pp. 233–42). The author's stance toward generative and structural arguments in terms of “deep structure” and “complementary distribution” is basically negative — a stance which echoes more recent generative developments after the revision(s) of the Standard Theory in phonology. Haukur exemplifies that the metre of Icelandic poetry can be analyzed solely in terms of **surface features** without recourse to deep structure.

1. General assessment

Haukur's basic aim is to re-assess the relationship between phonology and poetry on the basis of Old Icelandic and Middle Icelandic data, in particular the *rímur* of Ormarr Fraðmarsson (the *Kollsbók* version) which are datable to the mid-15th century. Before the author sets out to evaluate *Ormars rímur* as a direct source for the poetic and linguistic system of the 15th century, he clears his way with textual criticism and the assessment of variant readings (*variae lectiones*) at some length (see pp. 303ff.). Haukur's method of textual criticism is laudably cautious and he offers a convincing restitution of *Ormars rímur*. There is a general awareness in this work that the spelling evidence of poetry for language history is by no means straightforward, and that a cautious and indirect approach to the spelling evidence of skaldic verse and medieval *rímur* is called for. Also, paleographic and graphemic factors such as the shape of ligatures and the height of particular letters to be combined e.g. with *r-rotunda* receive due attention in the statistical assessment of epenthetic vowels.

On the whole, the dissertation contributes to a number of research areas of Old and Middle Icelandic, both diachronic and synchronic. These can be sum-

marized and graded as follows (starting with those which probably will have a major research impact):

1. the existence of tonemes in Old and Middle Icelandic
2. the development of the reflexive or medio-passive *sk*-forms
3. vowel epenthesis, i.e. the intrusion of svarabhaktis
4. internal rhyme between /a/ and umlauted /ø/
5. different alliteration matrices, particularly alliteration of velar and palatal consonants, the alliteration between semi-vowels and vowels, and *h*-alliteration (*h* – *hl* – *hn* – *hr*)
6. metre and rhythm in late medieval poetry (*rímur*)
7. textual criticism of medieval *rímur*, particularly *Ormars rímur*.

The worthiest research results pertain to the first three issues and the most rewarding part of the work is probably the study of tonemes in conjunction with epenthetic vowels. The author himself remarks in the English summary that the section on epenthetic vowels or *stoðhljóð* “is the longest and most data-heavy chapter” (pp. 355–373). The detailed discussion of tonal distinctions in Icelandic is likely to be the most solid and durable part of the dissertation. Apart from these rich and multi-faceted research-modules, Haukur’s textual criticism of *Ormars rímur* as well as the evaluation of other passages in *dróttkvætt* verse and in the medieval *rímur* deserve particular mention. In what follows, the opponent will present an evaluation of the dissertation’s major pros and cons.

2. The notion of deep structure — dated research anyway?

Haukur convincingly argues that **surface structure** rather than **deep structure** plays the decisive role in metrics. The dissertation thus marks a clear turn away from abstract generative and structuralist analyses (see §10.1 “Baklægar gerðir”, pp. 233–234, and §10.2 “Formgerðarkenningar”, pp. 235–236). In scrutinizing earlier scholarship, Haukur is able to amend and even reject several earlier works, not least generativist studies. Two cases in point are Edmund Gussmann’s generative study on velar palatalization from 1984 and Stephen R. Anderson’s work on umlaut from 1973, also in a generative vein. Thus Anderson’s proposal involving “identity [of /a/ and the umlaut product /ø/; M.S.] at a certain abstract level of representation”, is safely dismissed. Apart from a series of counter-arguments, Haukur points out a misinterpretation of the data on Anderson’s side.

However, from the viewpoint of 21st-century linguistics, Anderson’s and Gussmann’s studies from the 1970s and 1980s are dated in their theoretical groundwork and the opponent wonders why Haukur has given them so much attention.⁸

⁸ Haukur’s criticism of Anderson’s theory is based on Eiríkur Rögnvaldsson (1981: 45) and Kristján Árnason (2000:16–17).

The idea of two different structural levels in language — deep structure as opposed to surface structure — has a long and intriguing history beginning with the writings of the Indian grammarian Pāṇini in the 4th century B.C., the 7th-century Port Royal grammar, and the writings of Humboldt, Wittgenstein, Hockett and not least Chomsky. But a short excursus into recent generativism will suffice to show that **deep structure** has long been toned down by Chomsky himself and some of his former colleagues at the MIT addressed severe problems. Already in 1968 Lakoff and Ross posed the general question: “Is deep structure necessary?” When it comes to revisions of the Standard Theory, a crucial point is the notion of deep structure and its application in syntax, semantics and phonology, including historical phonology. Chomsky's *Aspects of the Theory of Syntax* (1965) was already the starting point of a clear trend that made persistent headway since the 1960s: the reduction in the number and role of transformations. In the various revisions of the Standard Theory, the structural information of the deep structure was gradually encoded in the surface structure. In its modern form, Generative Grammar retains only one highly constrained transformational rule: *move alpha*. And *Generalized Phrase Structure Grammar* (GPSG), a more radical offshoot of Generative Grammar, dispenses with transformation rules altogether.

This is not tantamount to saying that Haukur's detailed objections against the unrestricted use of rule reordering are out of place. But it comes as no surprise that these studies executed by Anderson and Gussmann, for instance, are flawed in one way or other and therefore relegated to the research history. For instance, Haukur convincingly argues that the hierarchy of rules in Gussmann's model of velar palatalization runs into serious problems as the palatalization rule is in fact a productive phonological process on the synchronic level in Modern Icelandic, at least in natural speech and fast speech phonology (p. 63):

- (1)a. Hann fór upp á þak í gær.
- b. Þarna tók ég í taumana.

The ranking of different palatalizing factors such as [i, j, ɪ] is clearly to the point. Other synchronic rules also support Haukur's skepticism against deep structure-based models. Rhyme pairs such as *bleikt* – *seigt* show that deep structure is not the issue. The following comment is clearly to the point: “Ég veit ekki heldur til að neinum þyki *bleikt* – *seigt* verra rím en *bleikt* – *veikt*” (p. 258). It comes as no surprise that abstract generative approaches, which rehearse the generative paradigm based on the Standard Theory (and its early revisions), lend themselves to substantial criticism and hence are firmly rejected by the author.

3. Tonal distinctions in Old and Middle Icelandic?

